

4. Loks er rétt að spyrja Jensen nánar um hagi hans erlendis, komu hans hingað til lands, dvöl hans hér og atvinnu.

Því úrskurðast:

Aðiljum skal gerður þess kostur að láta í té framan-
greindar skýrslur.

Föstudaginn 15. janúar 1943.

Nr. 67/1943. **Réttvísinn** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Þóroddi Guðmundssyni (Theódór B. Lindal).

Meiðandi ummæli um opinbera starfsmenn.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af lögfræðingi Sigurði Guðjónssyni, dómara samkv. umboðsskrá, útgefinni 11. des. 1940.

Í stefnunni til héraðsdóms er ákærða stefnt til ábyrgðar fyrir brot gegn ákvæðum 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki greind þau ummæli, sem honum voru gefin að sök. Áður en rannsókn málsins væri hafin, kom fram kæra af hendi Sildarútvegsnefndar, þar sem kvartað er undan ákveðnum ummælum. Rannsókn héraðsdómara varðar eingöngu þau ummæli, og ákærða hefur gefizt kostur á að koma fram vörnum, að því er til þeirra tekur. Verður að telja héraðsdómarann hafa afmarkað sakarefnið við ummæli þessi, og er því unnt að dæma um þau. Þykir þess vegna ekki nægileg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð frá útgáfu héraðsstefnu vegna framan-
greinds galla á meðferð málsins.

Ummæli þau, sem ákærði er saksóttur fyrir, hefur hann viðhaft um Sildarútvegsnefnd í heild og einstaka nefndarmenn, svo og framkvæmdarstjóra, sem nefndin réð sér. Telja verður menn þessa opinbera starfsmenn, þegar litið

er til starfs þess og valds, sem þeim er fengið með lögum nr. 74/1934.

Gegn mótmælum ákærða er eigi sannað, að hann eigi hlut að fyrirsögn og undirfyrirsögn greinar þeirrar, sem ummæli þau eru tekin úr, sem hann er sóttur til sakar fyrir. Verður hann því eigi sakfelldur vegna þeirra ummæla, sem þar koma fram.

Í héraðsdómi eru greind öll þau ummæli, sem ákærði er sakaður um. Eftirtalin ummæli þykja fara úr fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni og í þeim felast móðganir eða meiðandi aðdróttanir, sem ekki hafa verið réttlættar. Varða þau því við fyrri málslið 108. gr. laga nr. 19/1940.

1. „en þess vandlega gætt, að sundurliða ekki ýmsa pósta, sem líklegt var, að mundu þykja háir“.

2. „en þoldu þó yfirgang hennar“.

3. „Slíkar mútutilraunagreiðslur ná auðvitað engri átt . . . hefur framkvæmdarstjóri og eitthvað af nefndarmönnum fengið slíkar greiðslur í Þýzkalandi, þegar þeir hafa verið að selja þar síld, og ef svo er, hve hátt „Gratiale“ fengu þeir?“

4. „Hvort nefndin lýgur annari skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa hreint mál í pokanum.“

5. „Allar varnir nefndarinnar og framkvæmdarstjóra voru yfirlýsingar eitt og hinar aumingjalegustu, en þar sem nefndin réð yfir meiri hluta atkvæða á fundinum, gat hún öllu ráðið og leyft sér það, sem henni sýndist.“

6. „Þessi fundur hefur farið fram með hinum mestu endemum.“

7. „Hún hefur verið duglaus í sölumálunum og leynir síldareigendur, hvað gert er. Ofan á þetta er nefndin svo frek og ósvífin, að hún fer í atkvæðasmalamennsku fyrir aðalfund og smalar sér á fundinn atkvæðavélum, svo hún geti þar öllu ráðið, hvað sem síldareigendur kunna að segja.“

8. „Það er ósvífið.“

Þá hefur ákærði og haldið því fram, að síldarútvegsnefnd

hafi gert sig seka um „gegndarlausu eyðslu“ og hún hafi verið „úr hófi fram eyðslusöm“, svo og að hún hafi „látið sildareigendur greiða meiri sölukostnað en lög mæla fyrir“. Þessa ádeilu styður hann við athugasemdir, er endurskoðendur reikninga Sildarútvegsnefndar hafa gert við ýmsa greiðsluliði reikninganna, einkum sölulaun sildar, risnu, ferðakostnað erlendis o. fl. Hér hefur ákærði að visu allt of fast að orði kveðið, en eins og á stendur, þykir hann ekki verða sakfelldur fyrir þessi ummæli, og hvorki þau eða ummæli þau, sem ákærða eru saknæm talin, verða ómerkt, þar sem ómerkingar er ekki krafizt í stefnu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1200 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 20 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði skulu vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn hefur ekki tilgreint ákæruatriðin í stefnu og að hann hefur ekki stefnt til ómerkingar á ummælum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, greiði 1200 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 20 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Theódórs B. Línals, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 8. ágúst 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. ágúst s. l. er, að undangenginni rannsókn, höfðað af réttvisinnar hálfu fyrir aukarétti Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 28. júlí s. l., gegn Þóroddi Guðmundssyni, Túngötu 34, Siglufirði, fyrir brot á 108. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. sept. 1940 birtist grein eftir ákærða í blaðinu „Þjóðviljinn“, sem gefið var út í Reykjavík, undir fyrir-sögninni: „Nokkur sýnishorn af stórhneykslum Sildarútvegsnefndar.“ Í grein þessari er rætt um aðalfund Sildarútvegsnefndar, sem haldinn var dagana 17. og 18. ágúst 1940, og er Sildarútvegsnefnd og framkvæmdarstjóri hennar borinn hinum þyngstu sökum bæði í sambandi við fundinn og störf nefndarinnar á starfsári því, er aðalfundurinn fjallaði um. Út af grein þessari kærði svo nefndin til dómsmálaráðuneytisins og krafðist þess, að greinarhöfundurinn svo og ritstjórar blaðsins væru látnir sæta ábyrgð samkvæmt 108. gr. hegningarlaganna og að skipaður yrði setudómari til að rannsaka og dæma málið. Varð ráðuneytið við beiðni þessari, og að undangenginni rannsókn var síðan mál þetta höfðað.

Ummæli þau, sem nefndin í kæru sinni telur meiðandi, eru þessi: Aðalfyrirsögn greinarinnar:

„Nokkur sýnishorn af stórhneykslum Sildarútvegsnefndar.“

Undirfyrirsögn:

„Nefndin sjálf og stofnanir henni nákomnar réð yfir meiri hluta atkvæða á aðalfundinum. Nefndin vill ekki ræða um markaðsleit í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, en einstakir nefndarmenn taka 119 kr. á dag í ferðakostnað.“

Í sjálfri greininni:

„... en ekki að sama skapi ýtarlegt, þó var þar tekinn með útdráttur úr reikningum s. l. árs, en þess vandlega gætt að sundurliða ekki ýmsa pósta, sem líklegt var, að mundu þykja háir.“

„... Menn mótmæltu þessari hlálegu skýringu nefndarinnar, en höldu þó yfirgang hennar, og var fundi frestað til næsta dags. ...“

„... Ein aðal athugasemdin er, að sölulaun Vilhjálms Þórs og Fritz Kjartanssonar, innheimtukostnaður og fleira, samtals 71 þúsundir króna, séu ekki greiddar af samlagsgjöldum, tekjum nefndarinnar, heldur tekið sérstaklega af sildareigendum. ...“ „... Þrátt fyrir þá gegndarlausu eyðslu, er verið hefur hjá nefndinni. ...“

„... Jóni Sigurðssyni erindreka eru greiddar 45 krónur á dag við skoðun Faxasildar auk ferðakostnaðar. Er fullvíst, að margir eyrarvinnumenn í Reykjavík hefðu verið hæfari til þess starfa og unnið hann fyrir helmingi minna kaup ...“

„... Slíkar mótutilraunagreiðslur ná auðvitað engri átt, þó nefndin og framkvæmdarstjóri telji það sjálfsagt. En hvernig stendur á því, að nefndin telur þetta sjálfsagt? Er það reynsla hennar í viðskiptum

við hina þýzku sildarkaupmenn, og hefur framkvæmdarstjóri og eitt-hvað af nefndarmönnum fengið slíkar greiðslur í Þýzkalandi, þegar þeir hafa verið að selja þar sild, og ef svo er, hve hátt „Gratiale“ fengu þeir? ...“

„... Framkvæmdarstjóri lét senda sér mann norðan af landi til að aðstoða sig við útborgun og útskipun á Faxasild s. l. haust. Maðurinn er á vegum nefndarinnar í 71 dag, og fær greitt yfir 11 hundruð krónur í ferðakostnað, risnu og dagpeninga. Það mun vera sjaldgæft hjá stórum fyrirtækjum, að aðstoðarskrifstofumenn fái risnufé, og allir vita, að vegna Faxasildar gat maðurinn ekki dvalið í Reykjavík 71 dag.

„... Fyrir utanlandsför sína í söluerindum fá þeir Erlendur og Jóhann Þ. Jónsson greitt um 18 þús. krónur, eða til jafnaðar 119 kr. á dag hvor, því ferðin varaði á þriðja mánuð. Hér er þó ekki reiknað fastakaup þeirra hjá nefndinni, heldur er þetta ferðakostnaður, símakostnaður, o. fl., og báðir reikna sér 65 kr. á dag í aukapeninga — dagpeninga. Aukavinna á skrifstofu Sildarútvegsnefndar er griðarhá, enda var framkvæmdarstjóri fjarverandi 244 daga á árinu ...“

„... Eftir að hann kemur suður, fær hann kaup hjá Alþingi, auk síns fasta kaups, og þó lætur hann nefndina greiða sér 12 krónur á dag af Faxasild. Virðist það vera nokkuð langt gengið, að taka þessa dagpeninga af manni, sem hafði kaup á 2 stöðum fyrir ...“

„... Í risnufé var Erlendi greitt á árinu um 2100 kr. ...“
 „... Tveir af nefndarmönnum, Óskar Jónsson og Finnur Jónsson, fá báðir greiddar kr. 750 á dag hvor í dvalarkostnað hér á Siglufirði. Nú er það skylda þeirra að dvelja á Siglufirði yfir sildveiðitímann, enda hafa þeir föst laun fyrir nefndarstörf, svo frekari greiðslur ber þeim ekki að fá, en þegar nú tekið er tillit til þess, að báðir þessir menn eru fastlaunaðir menn annarra fyrirtækja hér á Siglufirði yfir sildveiðitímann, verður að telja þessa greiðslu enn ástæðulausari.

„... Síðastliðið ár hefur gengið þrálátur orðrómur um, að starfsmenn nefndarinnar misnotuðu aðstöðu sína og spekúleruðu í sild. Á fundinum komu fram ásakanir á þá um þetta, sérstaklega í sambandi við rúmlega 4000 króna greiðslu, er virðist hafa verið lán til eins starfsmannsins úr sjóði nefndarinnar og notaðar (sic) til greiðslu á sild. Framkvæmdarstjóri neitaði algerlega, að starfsmenn nefndarinnar, að einum undanteknum, hefðu gert sig seka í slíku athæfi, og kvaðst hann hafa bannað manni þessum að fást nokkuð við sildarverzlun, strax og hann komst að því, að það hafði átt sér stað.“

„En Sildarútvegsnefnd gefur hins vegar tvær skýringar á þessum 4000 krónum. Önnur er sú, að hér hafi ekki verið um lán að ræða, þar eð hinn erlendi sildarkaupandi hafi verið búinn að greiða nefndinni peningana, áður en hún greiddi þá út. Hin skýr-

ingin er, að þetta skipti engu máli, þar eð greiðslan hafi ekki farið fram fyrr en vissa var fengin fyrir því, að peningarnir væru á leiðinni frá sildar kaupanda. Hvort nefndin lýgur annari skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa breint mjöl í pokanum.“

„Til andsvara á fundinum hafði nefndin aðallega 2 menn, þá Jóhann Þ. Jósefsson, sem hélt uppi þrotlausu málskráfi á fundinum um allt og ekki neitt, og Finnboga Guðmundsson frá Gerðum, er nefndin hafði fyrir nokkurs konar hirðifíl á fundinum, og var hann látinn segja „brandara“ og reyna að snúa umræðum upp í grin og heimta, að meiri völd væru lögð í hendur nefndarinnar. ...“

„... Allar varnir nefndarinnar og framkvæmdarstjóra voru yfirlór eitt og hinar aumingjalegustu, en þar sem nefndin réð yfir meiri hluta atkvæða á fundinum, gat hún öllu ráðið og leyft sér það, sem henni sýndist. En hvernig þessi meiri hluti nefndarinnar er til kominn, er fróðlegt að athuga nánar. Eins og áður er sagt, sátu fundinn auk nefndarinnar um 50 menn. Við atkvæðagreiðslu greiddu flest atkvæði 48, en nefndin sjálf, starfsmenn hennar, fulltrúar stöðva, sem nefndarmenn eiga, starfsmenn KEA og fulltrúar Alþýðusambandsins voru samtals á fundinum 26 til 28. Um atkvæðagreiðslur er því reyndar óþarfi að tala, tillaga um að greiða matjessildareigendum 2 krónur út á tunnu til viðbótar var felld, og reikningarnir samþykktir, en við afgreiðslu reikninganna sátu nefndarmenn (sic) yfirleitt hjá, en nefndin, starfsmennirnir og hinir hjálparkokkarnir samþykktu þá. Um aðra starfsemi nefndarinnar, hvernig söluhorfur væru, hvernig gengi með sölu til Finnlands og Rússlands og hvað hefði verið gert til að selja þangað sild sá nefndin enga ástæðu til að gefa skýrslu um eða láta ræða, og ennþá síður telur nefndin auðvitað ástæðu til að ræða nánar fyrirkomulagið á sildarsölumálunum. Þessi fundur hefur farið fram með hinum mestu endemum, en hann hefur þó sýnt, hvert stefnir í þessum málum. Hann sýnir, að Sildarútvegsefnd hefur verið úr hófi fram eyðslusöm, hún hefur látið sildareigendur greiða meiri kostnað en lög mæla fyrir, hún hefur verið duglaus í sölumálunum, og leynir sildareigendur, hvað gert er. Ofan á þetta er nefndin svo frek og ósvifin, að hún fer í atkvæðasmalamennsku fyrir aðalfund og smalar sér á fundinn atkvæðavélum, svo hún geti þar öllu ráðið, hvað sem sildareigendur kunna að segja. Það er hlálegt, um leið og það er ósvifið, að á fundi, sem deilt er um reikninga nefndarinnar, og lagðar fram sannanir fyrir ýmsum óleyfilegum greiðslum, skuli nefndin sjálf og starfsmenn hennar, sem reikningana hafa fært, leyfa sér að greiða atkvæði um þá.“

Ákærður hefir haldið því fram undir rannsókn málsins, að fyrir sögn greinarinnar, undirfyrirsögn, og tilhögun birtingarinnar yfirleitt sé honum óviðkomandi. Af óviðráðanlegum orsökum hefur eigi verið unnt að rannsaka, hvort þessi neitun hans sé rétt, en eftir atvikum þykir eigi ástæða til að véfengja hana.

Hvað viðvikur sjálfri greininni, þá hefur ákærður viðurkennt að vera höfundur hennar, en telur sig hafa öruggar heimildir fyrir flestu, sem þar er sagt, og hefur ákærði svo og hinn skipaði verjandi hans að mestu vísað til athugasemda endurskoðenda nefndarinnar, þeirra Jóns Gíslasonar og Ólafs Vilhjálmssonar. Eru athugasemdir þessar víða hinar harðorðustu svo og svör nefndarinnar við athugasemdunum og andsvör endurskoðendanna við þeim, en öllu þessu hafði ákærði aðgang að, þar eð hann sat aðalfundinn sem umboðsmaður eins sildarsaltendanna.

Af hinum átöldu ummælum, sem að framan eru greind, styðst ákærður við athugasemdir endurskoðendanna, hvað snertir ummælin um umboðslaunagreiðsluna til Fritz Kjartanssonar og Vilhjálms Þórs, um að nefndin hafi verið eyðslusöm úr hófi fram, um mann þann, er sendur var til Reykjavíkur til aðstoðar við afgreiðslu Faxasíldar, um ferðakostnað þeirra Erlends Þorsteinsonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar, um risnu framkvæmdarstjórans og um dvalarkostnað þeirra Finns Jónssonar og Óskars Jónssonar.

Ásakanirnar um, að nefndin hafi vanrækt að sundurliða þá pósta, er líklegt væru, að þykja mundu háir, og að nefndin hafi beitt yfirgangi við fundarstjórn á aðalfundinum, hefur ákærði ekki getað rökstutt, svo og ummælin um hæfi matsmanns þess, er nefndin fékk til að meta faxasíld, og hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, er styðji þessar ásakanir.

Hvað kaup matsmannsins snertir, hefur ákærði viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um, að meiri hlutann af starfstímanum hafi hann haft 15 kr. lægra dagkaup en haldið er fram í hinni átöldu grein, en kaup það, sem þar er talað um, þ. e. kr. 45.00 á dag, hafi hann ekki haft nema 5 eða 6 daga.

Þá hefur ákærði viðurkennt, að ásökun hans um það, að nefndin hafi greitt erlendum sildar kaupanda mútur, hafi ekki við annað að styðjast en það, að maður þessi hafi fengið greiddar 1000 krónur í „Gratiale“, en á aðalfundinum hafi verið upplýst, að venja hafi verið komin á um þetta. Undir rannsókn málsins hafa framkvæmdarstjóri og varaformaður Sildarútvegsnefndar borið það, að „Gratiale“ þetta hafi verið greitt vegna þess, að maður þessi hafi verið eins konar trúnaðarmaður nefndarinnar erlendis og látið nefndinni í té upplýsingar um, hvernig síldin líkaði o. s. frv., og hafi af viðskiptalegum ástæðum ekki verið hægt að gefa nánari skýringu á greiðslunni. Dylgjur sínar um, að nefndarmenn eða starfsmenn hennar hafi þegið mútur, hefur ákærði

heldur ekki getað rökstutt, enda hefur ekkert komið fram í rannsókn málsins, er styðji það. Sama máli gegnir um ásökun ákærða í garð framkvæmdarstjóra um, að hann hafi látið nefndina greiða sér dagpeninga um þingtimann. Hins vegar hefur það komið í ljós við rannsókn málsins, að ásökun ákærða á hendur framkvæmdarstjóra um, að hann hafi fengið ferðakostnað af sömu ferðinni endurgreiddan bæði frá Alþingi og Sildarútvegsnefnd hefur við rök að styðjast, en ummæli þessi voru ekki tekin upp í kæru nefndarinnar.

Kaflann um sildarkaup starfsmanns nefndarinnar hefur ákærði að mestu eftir endurskoðendunum, en bætir við frá sjálfum sér klausunni: „Hvort nefndin lýgur aðeins annarri skýringunni eða báðum, skal ekki dæmt um hér, en eitthvað er óhreint við þetta mál, hvað margir, sem það kunna að vera, sem ekki hafa hreint mjöl í pokanum.“

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, sem réttlætt geti þessi ummæli, né heldur, að aðrir starfsmenn nefndarinnar hafi fengizt við sildarverzlun.

Undir rannsókn málsins hefur ákærði enga tilraun gert til að réttlæta ásakanir þær, er felast í tveimur síðustu köflum hinna átöldu ummæla, nema að því er snertir ásökunina um atkvæðasmölunina. Af framburði vitna þeirra, er yfirheyrð hafa verið, verður ekki annað séð en að aðalfundurinn hafi farið fram með eðlilegum hætti, nefndin hafi gert grein fyrir störfum sínum, eftir því sem tilefni gafst til, svarað fyrirspurnum þeim, sem fram komu, o. s. frv. Þó virðist allmikið ósamkomulag hafa ríkt á fundi þessum milli nefndarinnar og endurskoðendanna út af reikningum nefndarinnar, og sést það meðal annars á athugasemdum endurskoðendanna og svörum nefndarinnar við þeim.

Hvað ásökuninni um atkvæðasmölun viðvikur, þá hefur ákærði haldið því fram, að Jörundur Jörundsson útgerðarmaður í Hrísey hafi sagt sér, að kaupfélagsstjórinn þar á staðnum hafi farið þess á leit, að hann (Jörundur) gæfi Jakobi Frimannssyni framkvæmdarstjóra umboð til að fara með atkvæði sitt á aðalfundinum, en Jakob Frimannsson átti þá sæti í Sildarútvegsnefnd. Hafa þeir Jörundur Jörundsson og Hreinn Pálsson, útibússtjóri KEA í Hrísey, verið yfirheyrðir um þetta atriði, og hefur Jörundur borið, að þetta sé rétt eftir sér haft. Hins vegar kveðst Hreinn Pálsson ekki muna til, að hann hafi farið þessa á leit við Jörund, en segir þó, að það sé venja, að KEA annist milligöngu fyrir viðskiptamenn sína við Sildarútvegsnefnd, og láti þá vita um kosningar, fundahöld, og annað, er máli skipti fyrir þá gagnvart nefndinni, og muni hann því hafa haft tal af viðskiptamönnum félagsins fyrir fundinn og hvatt þá til að mæta eða senda umboð til þess. Hins vegar neitar þetta vitni því algerlega að hafa fengið nein tilmæli eða fyrirskipanir um að hafa áhrif á, hverjum þeir

sendu umboð til að fara með atkvæði sitt. Framkvæmdarstjóri KEA, Jakob Frimannsson, hefur og verið yfirheyrður um þetta atriði, og ber honum saman við Hrein Pálsson:

Þótt ýmsir viðskiptamenn KEA hafi farið með atkvæði á aðalfundinum svo og þrir af starfsmönnum nefndarinnar, verður ásökun ákærðs um, að nefndin hafi smalað atkvæðum á fundinn, ekki talin nægilega réttlætt.

Það verður að að líta svo á, að ákærði verði ekki sakfelldur fyrir ummæli þau, er hann styður við athugasemdir endurskoðendanna, enda verður að telja þá opinbera starfsmenn á sama hátt og nefndina, og þótt athugasemdirnar hafi verið ræddar á aðalfundinum, og reikningar nefndarinnar samþykktir, án þess að til-lit væri tekið til þeirra, þá virðast endurskoðendurnir hafa haldið fast við flestar þeirra eftir sem áður. En auk þess eru í hinni átöldu grein ýmis mjög meiðandi og móðgandi ummæli í garð nefndarinnar og framkvæmdarstjóra hennar, sem ekki verða réttlætt, svo sem að framan er lýst. Þar sem telja verður Sildarútvegsnefnd og framkvæmdarstjóra hennar opinbera starfsmenn og þar sem ummæli þessi eru við höfð um þá út af skyldustarfi þeirra, þá ber að telja ummæli þessi refsiverð skv. 108. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1903. Hefur hann áður sætt refsingum sem hér segir:

Samkvæmt dómi hæstaréttar 25. febrúar 1935 þriggja mánaða einföldu fangelsi fyrir niðurrif á þýzka hakakrossfánanum.

Samkvæmt dómi hæstaréttar 24. nóv. 1937 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir árás gegn lögreglunni.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot hans þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobs-sonar cand. jur.

Á rannsókn málsins hefur orðið nokkur dráttur, og stafar hann af veikindum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, sæti 20 daga varðhaldi. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobs-sonar cand. jur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.